

Samstæðuársreikningur

Rauði krossinn á Íslandi

2021



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna á ársreikninginn	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2021	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2021	6 - 7
Sjóðstreymi ársins 2021	8
Skýringar	9 - 13

Stjórn Rauða krossins á Íslandi:

Sveinn Kristinsson, formaður
Silja Bára R. Ómarsdóttir, varaformaður
Halldór Valdimarsson, ritari
Hrund Snorradóttir, gjaldkeri
Baldur Steinn Helgason
Elín Ósk Helgadóttir
Gréta María Grétarsdóttir

Ívar Kristinsson
Jónas Sigurðsson
Sveinn Þorsteinsson
Þóra Björk Nikulásdóttir
Anna Rósa Magnúsdóttir, varamaður
Pétur Pétursson, varamaður

Framkvæmdastjóri:

Kristín S. Hjálmtýsdóttir

Endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna

Aðalstarfsemi Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Afkoma Rauða krossins á Íslandi á árinu samkvæmt rekstrarreikningi var jákvæð um 396 millj. kr. Eigið fé í lok árs var 4.544 millj. kr en var 4.066 milj. kr. í upphafi árs. Stjórn Rauða krossins á Íslandi leggur til að rekstrar hagnaði ársins verði ráðstafað til næsta árs. Upplýsingar um stöðugildi og launakostnað má sjá í skýringu 19-20. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu Rauða krossins og rekstur hans á liðnu ári.

Áhrifa heimsfaraldurs kórónaveiru gætti áfram á rekstur félagsins. Neikvæðu áhrifin voru mest á tekjur af söfnunarkössum, en faraldurinn hafði einnig áhrif á framlög frá Fatasöfnun. Umfang þjónustusamninga við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur farsóttarhúsa og sóttvarnarhótela jókst hins vegar verulega. Félagið fékk tekjufallsstyrk frá Dómsmálaráðuneytinu að fjárhæð 100 millj.kr.

Stærsta verkefni félagsins á árinu var rekstur farsóttarhúsa vegna Covid sem byggir á lögbundnu stöðhlutverki félagsins við ríkið. Alls voru 13 hús í rekstri en síðasta húsið lokaði í marslok 2022. Rúmlega 14 þúsund eintaklingar dvöldu í farsóttarhúsum á árinu 2021 samanborið við tæplega 1.000 einstaklinga árið áður. Þegar starfsemin náði hámarki var fjöldi starfsmanna 71 í 63 stöðugildum. Samningur Rauða kross Íslands vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd rann út í lok apríl 2022. Rauði krossinn mun ekki veita talsmannþjónustu áfram, en sinna félagslegum stuðningi með nýjum samningi við félagsmálaráðuneytið. Önnur verkefni sem snúa að alþjóðlegu og innlendu hjálparstarfi voru svipuð milli ára, en vænta má aukinna umsvifa á árinu 2022 vegna stöðunnar í Úkraínu.

Tekjur Sjúkrabílasjóðs jukust töluvert milli ára vegna aukins fjölda flutninga. Fjárfest var í 10 bifreiðum á árinu. Núgildandi samningur um rekstur sjúkrabifreiða við Sjúkratryggingar Íslands rennur út í árslok 2022. Samningurinn endurnýjast um eitt ár í senn nema annar hvor aðili tilkynni uppsögn.

Tekjur Fatasöfnunar tóku við sér aftur eftir lökkun árið á undan vegna Covid faraldurs.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. maí 2022

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Rauða krossins á Íslandi.

Alit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning (hér eftir ársreikningurinn) Rauða krossins á Íslandi (hér eftir samstæðan) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar:

Áritun óháðs endurskoðanda - frh.

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar á samstæðunni.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 17 þar sem fram koma upplýsingar um eignir utan efnahagsreiknings. Rauði krossinn á Íslandi á 68,76% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. sem ekki er færður til eignar í efnahag samstæðunnar.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 6. maí 2022

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum	17	283.886	200.592
Tekjur af sölustarfsemi		395.362	309.007
Samningsbundin verkefni við ríkið og sveitarfélög		1.514.848	1.034.030
Sjúkraflutningar, hlutur sjúklinga og stofnana		425.376	307.738
Frjáls framlög		545.517	788.772
Tekjur af fasteignum og aðrar tekjur		14.100	9.471
		<u>3.179.089</u>	<u>2.649.609</u>
Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum		<u>79.805</u>	<u>115.683</u>
Tekjur til verkefna		3.258.894	2.765.291
Gjöld og framlög til verkefna			
Innlend verkefni		1.396.007	1.162.148
Alþjóðleg verkefni		459.141	550.274
Sjúkraflutningar	18	526.113	491.126
Fjáröflun og kynning		365.188	404.557
Sameiginlegur kostnaður		115.960	166.862
		<u>2.862.409</u>	<u>2.774.967</u>
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur)		<u>396.485</u>	<u>(9.675)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2021	2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6, 12		
Fasteignir		346.528	378.996
Áhöld, tæki og búnaður		242.600	175.285
Bífreiðar		898.231	611.769
		<u>1.487.359</u>	<u>1.166.051</u>
Langtímakröfur og áhættufjármunir:			
Bundnar innstæður og verðbréf hjá deildum		101.039	216.467
Bundnar bankainnstæður varasjóðs	13, 14	287.167	276.065
		<u>388.206</u>	<u>492.532</u>
		<u>1.875.565</u>	<u>1.658.583</u>
Veltufjármunir			
Birgðir:			
Vörubirgðir	7	958	1.650
Skammtímakröfur:			
Aðrar skammtímakröfur	8	443.767	296.893
Veltufjármunir varasjóðs:			
Innstæður og verðbréf varasjóðs	13, 14	812.833	823.935
Handbært fé:	9		
Sjóður og bankainnstæður		1.211.550	1.169.850
Skammtíma-verðbréf		962.861	629.146
		<u>3.431.969</u>	<u>2.921.474</u>
		<u>5.307.535</u>	<u>4.580.057</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	17		

31. desember 2021

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2021	2020
Eigið fé	15		
Bundið eigið fé:			
Varasjóður		1.100.000	1.100.000
Eigið fé bundið í varanl. rekstrarfjárm.		1.487.359	1.166.051
Eigið fé bundið í Sjúkrabílasjóði		494.648	709.775
Skilyrt framlög		48.448	47.599
		<u>3.130.456</u>	<u>3.023.425</u>
Óbundið eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		1.413.685	1.042.578
Eigið fé		<u>4.544.141</u>	<u>4.066.003</u>
Skuldbindingar			
Eftirlaunaskuldbinding	16	<u>116.829</u>	<u>91.471</u>
Skuldbindingar		<u>116.829</u>	<u>91.471</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		286.958	179.490
Óráðstafaðar tekjur til verkefna		359.607	243.093
Skammtímaskuldir		<u>646.565</u>	<u>422.583</u>
Skuldir alls		<u>763.394</u>	<u>514.054</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>5.307.534</u>	<u>4.580.057</u>

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Handbært fé frá rekstri			
Frá rekstri:			
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) af reglulegri starfsemi		396.485	(9.675)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6, 12	174.211	137.146
Söluhagnaður eigna		(88.687)	(5.360)
Hækkun eftirlaunaskuldbindingar	16	38.303	5.997
		<u>520.313</u>	<u>128.108</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; (hækkun)		(65.221)	(19.104)
Birgðabreyting; lækkun		692	251
Skammtímaskuldir; hækkun		223.982	13.406
		<u>159.453</u>	<u>(5.447)</u>
		<u>679.766</u>	<u>122.660</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð og söluverð eigna hjá Sjúkrabílasjóði		(503.097)	(581.912)
Kaupverð og söluverð eigna hjá deildum		77.954	(6.840)
Kaupverð og söluverð eigna hjá Landsskrifstofu		20.000	(10.250)
Kaupverð og söluverð eigna hjá Fatasöfnun		(1.690)	(1.395)
Bundnar innstæður og verðbréf deilda		115.428	(4.186)
		<u>(291.405)</u>	<u>(604.583)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir eftirlaunaskuldbindingar	16	(12.945)	(11.485)
		<u>(12.945)</u>	<u>(11.485)</u>
Hækkun á handbæru fé		375.415	(493.407)
Handbært fé í ársbyrjun		1.798.996	2.292.403
Handbært fé í árslok		<u>2.174.411</u>	<u>1.798.996</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Aðalstarfsemi Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Vikið er frá kröfum ársreikningalaga varðandi meðferð eignarhluta í Íslandsspilum sf. eins og heimilt er samkvæmt 2. mgr. 5. gr. ársreikningalaga. Eignarhlutinn hefur verið utan efnahagsreiknings allt frá stofnun Íslandsspila sf., þar sem starfsemi Íslandsspila sf. er verulega frábrugðin starfsemi Rauða krossins á Íslandi. Í skýringu nr. 17 er gerð nánari grein fyrir þessu. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í þúsundum íslenskra króna.

Grundvöllur samstæðu

2. Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikning landsskrifstofu, Sjúkrabílasjóðs, Fatasöfnunar Rauða krossins og allra Rauða kross deilda á landinu, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Deildir sem innifaldar eru í samstæðunni starfa undir merkjum Rauða Krossins og fylgja reglum og markmiðum hans.

Stöður milli deilda, viðskipti og óinnleystur hagnaður og/eða tap sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðuársreikningnum.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

4. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Frjáls framlög og styrkir eru færð til tekna við greiðslu.

Lotun gjalda

5. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 - 50 ár
Áhöld, tæki og búnaður	5 ár
Bifreiðar	5 - 8 ár

Birgðir

7. Birgðir í efnahagsreikningi eru vegna verslana Kvinnadeildar. Þær eru metnar á síðasta innkaupsverði.

Aðrar skammtímakröfur

8. Aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla annarra skammtímakrafna nam 105 millj.kr. í lok ársins en hún nam 70 millj.kr. í ársbyrjun.

Handbært fé

9. Sjóður, bankainnstæður og skammtímaverðbréf teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Starfsþáttayfirlit

10. Rekstur samstæðunnar skiptist þannig eftir starfsþáttum:

	Lands- skrifstofa	Sjúkra- bílar	Fata- söfnun	Deildir	Innbyrðis viðskipti	Samtals
Tekjur af söfnunarkössum	215.753	0	0	68.133	0	283.886
Tekjur af sölustarfsemi	15.325	0	252.389	131.549	(3.900)	395.362
Samningsb. verk við stjórnvöld	1.490.348	233.700	0	24.500	(233.700)	1.514.848
Sjúkraflutningar	0	425.376	0	0	0	425.376
Frjáls framlög	483.244	0	27.861	183.293	(148.881)	545.517
Framlag RKÍ til sjúkrabíla	0	17.000	0	0	(17.000)	0
Tekjur af fasteignum	1.104	0	0	12.996	0	14.100
Fjármunatekjur	67.727	1.320	(1.855)	12.613	0	79.805
Framlög til deilda úr verkefnasj.	(18.831)	0	0	0	18.831	0
	<u>2.254.671</u>	<u>677.396</u>	<u>278.394</u>	<u>433.083</u>	<u>(384.650)</u>	<u>3.258.894</u>
Innlend verkefni	1.178.819	0	57.100	311.879	(151.790)	1.396.007
Alþjóðleg verkefni	459.141	0	0	0	0	459.141
Sjúkraflutningar	250.700	533.313	0	0	(257.900)	526.113
Fjáröflun, samskipti og kynning	112.918	0	221.375	30.895	0	365.188
Sameiginlegur kostnaður	90.920	0	0	0	25.040	115.960
	<u>2.092.498</u>	<u>533.313</u>	<u>278.475</u>	<u>342.774</u>	<u>(384.650)</u>	<u>2.862.410</u>
Afkoma	<u>162.173</u>	<u>144.083</u>	<u>(80)</u>	<u>90.309</u>	<u>0</u>	<u>396.484</u>

11. Efnahagur samstæðunnar skiptist þannig eftir starfsþáttum:

	Lands- skrifstofa	Sjúkra- bílar	Fata- söfnun	Deildir	Innbyrðis viðskipti	Samtals
Varanlegir rekstrarfjármunir	98.322	1.110.094	11.409	267.534	0	1.487.359
Bundnar innstæður og verðbréf	287.167	0	0	101.039	0	388.206
Skammtíma kröfur og birgðir	356.513	510.676	15.385	18.773	(456.622)	444.725
Innstæður og verðbréf varasj.	812.833	0	0	0	0	812.833
Handbært fé	1.328.865	64.576	21.743	759.227	0	2.174.411
	<u>2.883.700</u>	<u>1.685.346</u>	<u>48.537</u>	<u>1.146.573</u>	<u>(456.622)</u>	<u>5.307.534</u>
Bundið eigið fé	1.246.770	1.604.742	11.410	267.534	0	3.130.456
Óbundið eigið fé	590.675	0	16.053	806.957	0	1.413.685
Skuldir og skuldbindingar	1.046.254	80.604	21.075	72.083	(456.622)	763.394
	<u>2.883.699</u>	<u>1.685.346</u>	<u>48.538</u>	<u>1.146.574</u>	<u>(456.622)</u>	<u>5.307.535</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

12. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld, tæki og búnaður	Bifreiðar	Samtals
Samstæða:				
Heildarverð 1.1. 2021	658.493	428.360	1.632.169	2.719.022
Afskrifað áður	(279.498)	(253.074)	(1.020.400)	(1.552.972)
	<u>378.996</u>	<u>175.286</u>	<u>611.769</u>	<u>1.166.051</u>
Viðbót á árinu	29.646	112.557	416.420	558.623
Selt og niðurlagt á árinu	(46.300)	0	(16.803)	(63.103)
Afskrifað á árinu	(15.814)	(45.243)	(113.155)	(174.211,076)
Heildareign 31.12. 2021	<u>346.528</u>	<u>242.600</u>	<u>898.231</u>	<u>1.487.359</u>

Afskriftarhlutföll

2-3%

20%

15-20%

Mat á fasteignum skiptist þannig:

	Fasteignamat 31.12. 2021	Brunabótamat 31.12. 2021	Bókfært verð 31.12. 2021
Efstaleiti 9	302.800	398.900	84.334
Rauðarárstígur 33, 6 íbúðir, 50%	144.075	899.000	10.097
Grímseyri 9	7.616	28.020	2.801
Fasteignir deilda	<u>431.147</u>	<u>1.129.281</u>	<u>249.296</u>
	<u>885.638</u>	<u>2.455.201</u>	<u>346.528</u>

Innstæður og verðbréf varasjóðs

13. Eignir varasjóðs eru færðar þannig í ársreikningi samstæðunnar:

	Árið 2021	Árið 2020
Bundnar bankainnstæður til langs tíma	287.167	267.407
Innstæður og verðbréf varasjóðs	812.833	832.593
	<u>1.100.000</u>	<u>1.100.000</u>

14. Yfirlit yfir verðbréfaeign og innstæður varasjóðs:

	Árið 2021	Árið 2020
Innlendir skuldabréfasjóðir	405.875	666.881
Erlendir hlutabréfasjóðir	212.726	167.999
Íbúðabréf	48.478	69.496
Bankabréf og skuldabréf fyrirtækja	145.754	2.303
Bankainnstæður	287.167	267.407
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	0	(74.085)
	<u>1.100.000</u>	<u>1.100.000</u>

Eigið fé

15. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári	1.100.000	1.923.425	1.042.578	4.066.003
Reikn. fjárm.t.skattur fl. á eigið fé			81.653	81.653
Verkefnasjóður; lækkun		849	(849)	0
Sjúkrabílasjóður; lækkun		(215.127)	215.127	0
Varanl. rekstrarfjárm.; breyting		321.309	(321.309)	0
Tekjur umfram gjöld			396.485	396.485
Eigið fé samtals 31.12. 2021	<u>1.100.000</u>	<u>2.030.456</u>	<u>1.413.685</u>	<u>4.544.141</u>

Eftirlaunaskuldbinding

16. Á Rauða krossinum á Íslandi hvílir eftirlaunaskuldbinding vegna eftirlaunaréttinda nokkurra fyrrum starfsmanna. Reiknuð hækkun eftirlaunaréttinda á árinu, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækunar á eftirlaunaskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á skuldbindingunni. Breytingin á árinu greinist þannig:

	2021	2020
Eftirlaunaskuldbinding í ársbyrjun	91.471	96.959
Breyting áunninna réttinda á árinu	38.303	5.997
Greitt á árinu	(12.945)	(11.485)
Eftirlaunaskuldbinding í árslok	<u>116.829</u>	<u>91.471</u>

Önnur mál

Eignir utan efnahagsreiknings

17. Rauði krossinn á Íslandi á 68,75% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. Meðeigandi er Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Íslandsspil sf. er samstarfsverkefni sem hefur þann tilgang að afla fjár fyrir starfsemi félaganna með ábyrgum rekstri á söfnunarkössum. Hagnaði af rekstri Íslandsspila sf. er að mestu ráðstafað árlega til eigenda og er ráðstöfun ársins færð í rekstrarreikning undir liðnum "Tekjur af söfnunarkössum".

Í árslok 2021 nam eigið fé Íslandsspila sf. 354 millj.kr. og nam því hlutdeild Rauða krossins á Íslandi 243 millj.kr.

Sjúkraflutningar

18. Heildarkostnaður við rekstur Sjúkrabílasjóðs nam 233,7 millj. kr. á árinu en tekjur af flutningum námu 307,7 millj.kr. Framlag ríkisins vegna verkefnisins nam 250,7 millj. kr. Framlag RKÍ samkvæmt samningi við ríkið nam 17,0 millj. kr. á árinu.

Samkvæmt samkomulagi við ríkið ber Sjúkrabílasjóði að ráðstafa rekstrarafgangi sínum til að mæta rekstrarhalla í

Laun og launatengd gjöld

19. Laun, launatengd gjöld og starfsmannatengdur kostnaður greinast þannig:

	2021	2020
Laun landsskrifstofu og Sjúkrabílasjóðs	492.831	522.579
Laun Farsóttarhús	128.098	31.788
Laun Sóttvarnarhótel	140.983	0
Laun sendifulltrúa	26.607	30.413
Laun Fatasöfnunar	56.014	53.195
Laun deilda og athvarfa	171.611	288.254
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	283.864	224.162
	<u>1.300.008</u>	<u>1.150.391</u>

Laun stjórnenda námu 36,8 millj. kr. á árinu 2021 (2020: 36,2 millj. kr.)

20. Stöðugildi hjá Rauða krossinum á Íslandi voru eftirfarandi:

	2021	2020
Efstaleiti 9	59,5	56,0
Farsóttarhús og sóttvarnarhótel	32,5	4,2
Deildir og athvörf þeirra	21,9	39,8
Fatasöfnun	8,0	7,8
Svæðiskrifstofur	0,0	2,3
Sjúkrabílasjóður	2,2	2,2
Sendifulltrúar	2,7	1,7
	<u>126,8</u>	<u>114,0</u>

Þóknun til endurskoðenda

21. Þóknun til ytri endurskoðenda samstæðunnar nam 4,1 millj. kr. (2020: 3,8 millj. kr.)